



# FRÉTTABRÉF

## RITHÖFUNDASAMBANDS ÍSLANDS

Nr. 306

apríl 2015

6.tbl 39 árg.

### Aðalfundur RSÍ 2015

verður haldinn

í Gunnarshúsi

þriðjudaginn 21. apríl kl. 20.00

#### Dagskrá:

1. Skýrsla formanns
2. Skýrsla gjaldkera
3. Kosning í inntökunefnd
4. Kosning félagslegra endurskoðenda
5. Tillaga stjórnar um árgjald 2016
6. Lagabreytingar (sjá meðfylgjandi).
7. Lýsing stjórnarkjörs
8. Kosning heiðursfélaga RSÍ
9. Önnur mál

Í lok aðalfundar verða veittar árlegar viðurkenningar úr Fjöliássjóði RSÍ og boðið upp á léttar veitingar

Athygli er vakin á að nú stendur yfir stjórnarkjör. Hægt er að senda atkvæðaseðilinn í pósti, setja hann inn um bréfalúguna í Gunnarshúsi eða koma með hann útfylltan og afhenda í upphafi fundar. Talninganefnd mun hefja störf eigi síðar en kl. 20:15.

### Félagatal 2015

Félagatal 2015 kemur út í lok júní. Félagsmenn eru minntir á að skila inn breyttum heimilisföngum, símanúmerum, farsímanúmerum og netföngum.

Frestur til að skila inn breytingum rennur út 1. júní. Sími 568 3190, rsi@rsi.is.

### Framboð vegna stjórnarkjörs 2015

Framboðsfrestur rann út 17. mars sl.

Eftirtalin framboð bárust:

**Andri Snær Magnason, Friðrik Rafnsson, Óskar Magnússon og Vilborg Davíðsdóttir** í sæti meðstjórnanda.

**Sigurlín Bjarney Gísladóttir og Þorbjörg Alda Marinósdóttir** í sæti varamanns.

Skuldlausum félagsmönnum bárust félagsskírteini 2015 – 2016 með kjörgögnum. Þeir félagar sem ekki fengu kjörgögn og skírteini skulda ennþá árgjald eða hluta árgjalds 2014. Þeim er vinsamlegast bent á að greiða útsenda giróseðla eða hafa samband við skrifstofuna til að gera upp skuld sína.

Árgjaldið fyrir árið 2015 er óbreytt frá fyrra ári, kr. 18.400.- Greiðsluseðlar eru stofnaðir í heimabanka. Ekki verða sendir út prentaðir greiðsluseðlar (giró) nema til þeirra félagsmanna sem nota ekki heimabanka eða borga með greiðslukorti (Visa/Master). Fyrsti gjalddagi verður um mánaðamótin maí/júní. Félagar sem ekki hafa aðgang að heimabanka eru vinsamlegast beðnir um að láta skrifstofuna vita hið fyrsta. **Skrifstofan minnir á hagræði þess að greiða gjöldin með greiðslukortum.**



### Norðurbær og Sléttaleiti

Á nýju heimasíðunni er hægt að sjá bókanir í húsunum okkar á Eyrarbakka og í Suðursveit. Hægt er að panta beint af síðunni, hringja eða senda tölvupóst á skrifstofuna.

## Menningarverðlaun DV



**Guðrún Eva Mínervudóttir** hlaut bókmenntaverðlaunin fyrir skáldsöguna *Englaryk*.

*Ofbeldi á heimilum – Með augum barna* í ritstjórn **Guðrúnar Kristinsdóttur** hlaut verðlaunin í flokknum fræði.

Leiklistarverðlaunin hlaut Marta Norðdal fyrir leikstjórn sína á *Ofsa* eftir Einar Kárason.

*Enginn dans við Ufsaklett* eftir **Elísabetu Kr. Jökulsdóttur** fékk lesendaverðlaun DV

**Guðrúnu Helgadóttur** voru afhent heiðursverðlaun Menningarverðlauna DV.

## Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar

Reykjavíkurborg auglýsir eftir óprentuðu handriti að ljóðabók, frumsömdu á íslensku, til að keppa um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar sem verða til úthlutunar á síðari hluta árs 2015.

Verðlaun að upphæð 700 þúsund krónur verða veitt fyrir eitt handrit. Þriggja manna dómnefnd metur verkin; Páll Valsson formaður og Ragnhildur Pála Ófeigsdóttir tilnefnd af menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar og Bjarni Bjarnason tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands.

Útgáfuréttur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann ákveður. Sé dómnefnd á einu máli um að ekkert þeirra verka sem borist hafa fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka, má fella verðlaunaafhendingu niður það ár.

Handritum sem keppa til verðlaunanna þarf að skila merktum dulnefni, en nafn og heimilisfang fylgi með í lokuðu umslagi.

**Handrit berist í síðasta lagi 1. júní 2015.**

## Viðurkenning Hagþenkis fyrir 2014



**Guðrún Kristinsdóttir** hlýtur Viðurkenningu Hagþenkis 2014 fyrir ritstjórn ritsins *Ofbeldi á heimili – Með augum barna*. Aðrir höfundar ritsins auk hennar eru: Ingibjörg H. Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir, Margrét Sveinsdóttir, Nanna P. Andrésdóttir og Steinunn Gestsdóttir.

## Íbúð fræðimanns í Kaupmannahöfn

**Umsóknir um dvöl í íbúð fræðimanns í Kaupmannahöfn 2015 – 2016.**

Íbúð fræðimanns í Kaupmannahöfn, skv. reglum um hús Jóns Sigurðssonar, er laus til afnota tímabilið 26. ágúst 2015 til 30. ágúst 2016.

Allar nánari upplýsingar og sérstök eyðublöð er að finna á heimasíðu Jónshúss: [jonshus.dk](http://jonshus.dk) (fræðimannsíbúð).

Umsóknir um íbúðina skulu hafa borist skrifstofu Alþingis eigi síðar en **þriðjudaginn 21. apríl nk.**



Fréttabréf Rithöfundasambands Íslands  
Nr. 306, 6. tbl. 39. árg. apríl 2015

Ritstjórn og ábyrgð: Ragnheiður Tryggvadóttir  
og Kristín Helga Gunnarsdóttir

**Umbrot:** Skrifstofa RSÍ

**Útgefandi:** Rithöfundasamband Íslands  
Gunnarshúsi • Dyngjuvegi 8 • 104 Reykjavík  
Kt. 540269-5649 • Sími: 568 3190  
rsi@rsi.is • www.rsi.is